

Svar

félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

1. *Hversu margir foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hafa notið foreldra-greiðslna á gildistíma laga nr. 22/2006?*

Fram til 6. maí 2019 hefur 241 foreldri fengið greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

2. *Hversu margir foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fengu desemberuppbót árin 2017 og 2018? Hver var kostnaður ríkisins vegna desemberuppbótar til þessa hóps?*

Árið 2017 fengu 35 foreldrar desemberuppbót og árið 2018 fengu 29 foreldrar greidda slíka uppbót. Kostnaður ríkisins vegna desemberuppbótar var 1.443.175 kr. árið 2017 og 1.509.084 kr. árið 2018.

3. *Telur ráðherra annmarka á að löggesta desemberuppbót til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna í stað þess að ákveða hana með reglugerð eins og gert var á síðustu tveimur árum?*

Starfshópur ráðherra vinnur að endurskoðun alls regluverks sem lýtur að greiðslum til forráðamanna langveikra og alvarlega fatlaðra barna og er von á niðurstöðum hans fljótlega. Gera má ráð fyrir að starfshópurinn taki þetta mál til athugunar í vinnu sinni og geri tillögu til ráðherra. Það skal tekið fram að desemberuppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega eru ekki lögbundnar en eru ákveðnar árlega með reglugerð og samkvæmt lögum um atvinnuleysis-tryggingar er ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiddar séu sérstakar desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum.

4. *Hver yrði kostnaðurinn við að námsmenn í hópi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fengju að stunda nám í eins miklum mæli og þeir treysta sér og þiggja foreldragreiðslur í stað þess að njóta ekki foreldragreiðslna nema gera hlé á námi sínu?*

Þessari spurningu er ekki hægt að svara þar sem Tryggingastofnun ríkisins skráir ekki sérstaklega hvort foreldri er að koma af vinnumarkaði eða hefur verið í námi þegar sótt er um foreldragreiðslur.

5. *Hversu margir foreldrar sem þiggja foreldragreiðslur hafa gert hlé á námi sínu ár hvert frá því að framangreind lög tóku gildi?*

Tveir foreldrar hafa fengið námstengda fjárhagsaðstoð, samtals í fjóra mánuði, annað foreldrið árið 2011 og hitt árið 2012. Foreldrar í námi sækja sjaldan um þessa tegund greiðslna en sækja frekar um grunnreiðslur. Ekki er hægt að áætla hversu margir foreldrar hafa gert hlé á námi sínu þar sem Tryggingastofnun ríkisins skráir ekki sérstaklega hvort foreldri er að koma af vinnumarkaði eða hefur verið í námi þegar sótt er um foreldragreiðslur.